

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórar hafa með höndum framkvæmdir loftvarna og annarra öryggisráðstafana samkvæmt lögum þessum, hver í sínu umdæmi, með aðstoð sérstakra nefnda (loftvarnanefnda). Í Reykjavík skal nefndin skipuð lögreglustjóra, slökkviliðsstjóra, borgarlækni, yfirverkfræðingi Landssímans, verkfræðingi í þjónustu bæjarins og tveimur mönnum öðrum, kjörnum af bæjarráði. Annars staðar á landinu skulu nefndirnar skipaðar lögreglustjóra, bæjarstjóra (oddvita), slökkviliðsstjóra, héraðslækni og bæjarverkfræðingi eða byggingarfulltrúa, eftir ákvörðun bæjar- eða sveitarstjórnar.

Lögreglustjórar skulu vera formenn og framkvæmdarstjórar nefndanna. Í Reykjavík skipar bæjarstjórn sérstakan framkvæmdarstjóra, að fengnum tillögum nefndarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt stjórnarskránni, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð oss, að síðustu mánuðina hafi verið starfað að athugunum um það, hvað gera skyldi, ef til loftárása eða annarra hernaðaraðgerða kynni að koma hér á landi. Hefur sú athugun leitt í ljós, að hentugra væri og eðlilegra að haga skipun loftvarnanefnda með nokkuð öðrum hætti en ákveðið er í 2. gr. laga nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

Með því að vér föllumst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, teljum vér rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórar hafa með höndum framkvæmdir loftvarna og annarra öryggisráðstafana samkvæmt lögum þessum, hver í sínu umdæmi, með aðstoð sérstakra nefnda (loftvarnanefnda). Í Reykjavík skal nefndin skipuð lögreglustjóra, slökkviliðsstjóra, borgarlækni, yfirverkfræðingi Landssímans, verkfræðingi í þjónustu bæjarins og tveimur mönnum öðrum, kjörnum af bæjarráði. Annars staðar á landinu skulu nefndirnar skipaðar lögreglustjóra, bæjarstjóra (oddvita), slökkviliðsstjóra, héraðslækni og bæjarverkfræðingi eða byggingarfulltrúa, eftir ákvörðun bæjar- eða sveitarstjórnar.

Lögreglustjórar skulu vera formenn og framkvæmdarstjórar nefndanna. Í Reykjavík skipar bæjarstjórn sérstakan framkvæmdarstjóra, að fengnum tillögum nefndarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1951.

Steingr. Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.